



Við undirrituð; Langanesbyggð kt. 420369-1749, eigandi jarðarinnar Flögu 2 í Langanesbyggð, í samningi þessum nefndur leigusali og Akur organic kt. 410322-1100, í samningi þessum nefnd leigutaki, gerum með okkur svohljóðandi samning.

Leigusamningur

Leigusali leigir leigutaka jörðina Flögu 2, landnúmer 154541. Landamerki jarðarinnar eru samkvæmt upprætti (sjá viðauka 1)

- Jörðin er leigð frá og með 1. desember 2024 til 10 ára eða til 30. nóvember 2034. Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af hvors hálfu og miðast uppsögn þá við 1. nóvember og lýkur leigutíma þá 1. apríl þar á eftir.
- Hvor aðili sem er getur óskað endurskoðunar á þessum leigusamningi ef sérstakar aðstæður kalla eftir því.
- Leigutaka ber að viðhalda girðingum í kringum jörðina á sinn kostnað.
- Jarðarafgjald greiðist í einni greiðslu sem er útlögð vinna við uppsetningu á girðingu í kringum jörðina. Eigandi jarðarinnar leggur til efni í girðinguna.
- Leigutaki má ekki framleigja landið né láta í té landsnyttjar nema með leyfi leigusala.
- Leigutaki hefur fullan aðgang og umsjón með landinu og þar með heimilar hann vottunarstofu aðgang að landinu og veitir jafnframt vottunarstofu allar upplýsingar sem honum er kunnugt um að samræmist ekki reglum um lífræna framleiðslu. Leigutaki hefur aflað sér upplýsinga sem skipta máli til vottunar til lífrænnar ræktunnar.
- Veiðiréttur í Sandá er á forræði leigusala og leigutaki skuldbindur sig til að virða og liðka fyrir umgengni og aðgengi veiðimanna við ána.
- Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Norðurlands Eystra.
- Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða frumritum sem leigusali og leigutaki rita nöfn sín á í votta og viðurvist og heldur hvor sínu eintakinu.

Staður og dagsetning.

f.h. Akur organic

f.h. Langanesbyggðar

Vottar (nöfn og kt.) að dagsetningu og undirskrift:

